



# ÁRSSKÝRSLA FRÆÐSLUSJÓÐS 2025

Fræðslusjóður  
maí/2026

 FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ  
ATVINNULÍFSINS  
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI



## Efnisyfirlit

Starfsemi Fræðslusjóðs 2025 .....	3
<i>Stjórn Fræðslusjóðs er þannig skipuð 2025:</i> .....	4
Tölfræði úr starfinu.....	5
Helstu upplýsingar 2025.....	6
<i>Ráðgjöf um nám og störf</i> .....	6
<i>Vottað nám</i> .....	11
<i>Raunfærnimat</i> .....	15
Nýsköpunar- og þróunarverkefni 2025 .....	19
Lokaorð.....	20



## Starfsemi Fræðslusjóðs 2025

Fræðslusjóður starfar samkvæmt lögum nr. [27/2010 um framhaldsfræðslu](#). Málaflokkur framhaldsfræðslunnar fellur undir verksvið mennta- og barnamálaráðuneytisins og þar með Fræðslusjóður.

Ráðherra skipar Fræðslusjóði níu manna stjórn til fjögurra ára í senn. Formaður er skipaður án tilnefningar, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins tilnefna tvo fulltrúa hvort, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Skólameistarafélag Íslands tilnefna einn fulltrúa hvort, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa sameiginlega og mennta- og barnamálaráðuneyti einn. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Stjórn Fræðslusjóðs hefur sett sér starfs- og úthlutunarreglur sem ráðherra hefur staðfest. Í þeim kemur fram hvernig meðferð umsókna er háttað og almenn skilyrði fyrir veitingu framlaga úr sjóðnum, úthlutunar- og uppgjorsreglur. Sjá nánar í [Skilmálum og úthlutunarreglum](#).

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) sér um daglega umsýslu sjóðsins, svo sem að undirbúa og boða stjórnarfundi, framfylgja ákvörðunum stjórnar sjóðsins, vera í samskiptum við þá aðila sem fá úthlutanir úr sjóðunum, samningagerð og uppgjör.

Stjórn sjóðsins fundaði átta sinnum á árinu og eru fundargerðir stjórnar birtar á vef FA. Fræðslusjóður úthlutar í byrjun árs til kennslu vottaðs náms, framkvæmdar náms- og starfsráðgjafar og framkvæmdar raunfærnimats, en þessi verkfæri eru ætluð markhópi framhaldsfræðslunnar sbr, lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Eingöngu fræðsluaðilar sem tilteknir eru í skilmálum og úthlutunarreglum sjóðsins eiga rétt á framlögum í framangreind verkefni. Hafi þeir ekki fullnýtt framlög sín til kennslu og ráðgjafar í lok úthlutunarársins, eða innan 18 mánaða frá úthlutun ef um raunfærnimat er að ræða, ber þeim að skila eftirstöðvunum til sjóðsins og koma þær þá til viðbótar við næstu úthlutun.



## Stjórn Fræðslusjóðs er þannig skipuð 2025:

Inga Dóra Halldórsdóttir, formaður skipuð án tilnefningar	Hulda Anna Arnljótsdóttir, varaformaður, skipuð án tilnefningar
<b>f.h. ASÍ</b>	<b>Varamenn</b>
Finnbogi Sveinbjörnsson	Stefán Sveinbjörnsson
Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir	Eyrún Björk Valsdóttir
<b>f.h. SA</b>	<b>Varamenn</b>
Maj-Britt Hjördís Briem	Ólafur Garðar Halldórsson
Hulda Birna Baldursdóttir	Páll Ásgeir Guðmundsson
<b>f.h. BSRB</b>	<b>Varamenn</b>
Karl Rúnar Þórsson	Dagný Björk Erlingsdóttir
<b>f.h. Mennta- og barnamálaráðuneytis</b>	<b>Varamaður</b>
Gylfi Jónu Arnbjarnarson	Jóhanna Þórunn Pálsdóttir
<b>f. h. Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fjármála- og efnahagsráðuneytis</b>	<b>Varamaður</b>
Margrét Sigurðardóttir	Einar Mar Þórðarson
<b>f.h. Skólameistarafélags Íslands</b>	<b>Varamaður</b>
Helga Kristín Kolbeins	Sigurbjörn Árni Arngrímsson

## Tölfræði úr starfinu

Stjórn Fræðslusjóðs, starfsfólk FA, samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar eru reglulega upplýstir um framgang í starfi framhaldsfræðslunnar með tölfræðilegum samantektum úr þeim upplýsingum sem fræðsluaðilar skila. Auk þess sem brugðist er við þegar leitað er til FA um tölfræðilegar upplýsingar úr starfinu. Í mars var árangur fyrra árs tekinn saman og kynntur fyrir ráðgjöfum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna. Ýmis tölfræði var síðan kynnt starfsfólki FA og stjórn Fræðslusjóðs í tengslum við stjórnarfundir og aðra fundir.



Á MÆLABORÐI FA Á [FRAE.IS](https://frae.is) ER  
BIRTUR STÓR HLUTI  
TÖLFRÆÐIGAGNA FRÁ  
UPPHAFI STARFSEMI

Í ársbyrjun var farið yfir alla samninga sem gerðir voru við þá fræðslu- og símenntunaraðila sem fá úthlutað úr sjóðnum framkvæmd og þeir bornir saman við niðurstöður sem fræðsluaðilar skila um framkvæmdina. Þar sem fjármagn hefur ekki verið notað að fullu er gerð krafa um endurgreiðslur. Samstarfsaðilar skrá upplýsingar um framkvæmd í ráðgjöf, vottuðu námi og raunfærnimati í Innu.

REKSTUR FRÆÐSLUSJÓÐS		
Tekjur	2025	2024
Framlag ríkissjóðs	985.4	958.0
Vaxtatekjur; mínus fjárm.tekjuskattur	3.4	7.3
Breytingar á eigin fé *	104.7	49.0
	<b>1,093.5</b>	<b>1,014.3</b>
<b>Gjöld</b>		
Greitt til vottaðra námsleiða	769.5	701.6
Greitt til náms- og starfsráðgjafar	151.7	149.1
Greitt til raunfærnimats	137.2	125.4
Veitt í nýsköpunar- og þróunarverkef	35.1	38.3
	<b>1,093.5</b>	<b>1,014.3</b>

Á árinu 2025 var veitt tæpum 104,7 milljónum meira úr sjóðnum, en nam tekjum. Til að mæta því er gengið á eigið fé, sem birtist þannig að lækkun á eigin fékemur sem hækkun á tekjum til að mæta útgjöldum. Þannig fæst rekstarniðurstaða


# Helstu upplýsingar 2025

## Ráðgjöf um nám og störf

Eftirfarandi tafla sýnir heildarframlag (í kr.) árið 2025 og til samanburðar eru tölur fyrir árin 2021 – 2025. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.

Tafla 1					
Framkvæmd náms- og starfsráðgjafar					
	2021	2022	2023	2024	2025
Mímir-símenntun	22,943,000	24,753,000	26,529,900	30,070,000	32,750,000
Framvegis	4,910,000	7,432,000	9,029,500	9,010,000	9,155,000
Starfsmennt	316,200	96,800	368,800	287,600	320,000
IDAN	32,454,700	28,585,700	28,439,600	33,823,600	31,757,335
Rafmennt	2,193,000	763,500	1,573,500	1,723,600	1,006,500
<b>Samt. höfuðb.svæðið</b>	<b>62,816,900</b>	<b>61,631,000</b>	<b>65,941,300</b>	<b>74,914,800</b>	<b>74,988,835</b>
Símenntun Vesturlandi	9,358,300	8,274,000	8,903,144	10,650,530	11,104,800
Fræðslumst. Vestfjarða	5,154,668	5,136,000	5,930,700	5,778,400	5,545,000
Farskólinn NV-landi	3,903,591	1,388,400	2,906,700	3,377,708	3,925,000
SÍMEY	6,738,388	6,101,400	8,607,448	7,575,940	6,611,250
Þekkingarn. Þingeyinga	7,239,000	9,994,000	11,631,000	14,180,000	12,650,000
Austurbrú	3,954,105	4,041,300	5,562,100	5,500,000	5,800,000
Fræðslunet Suðurlands	5,331,768	8,431,900	9,190,844	10,725,200	11,049,528
Viska Vestmannaeyjum	2,970,100	2,576,200	2,950,000	2,875,200	3,280,000
MSS	10,520,800	11,717,000	16,100,300	13,395,000	16,740,000
<b>Samt. landsbyggðin</b>	<b>55,170,720</b>	<b>57,660,200</b>	<b>71,782,236</b>	<b>74,057,978</b>	<b>76,705,578</b>
<b>Samtals allt</b>	<b>117,987,620</b>	<b>119,291,200</b>	<b>137,723,536</b>	<b>148,972,778</b>	<b>151,694,413</b>

Heildarfjöldi viðtala árið 2025 var 8.876 en þar af greiddi Fræðslusjóður fyrir 8.876 viðtöl eða 99,8%. Á mynd 1 má sjá fjölda viðtala síðastliðin fimm ár eftir fjármagni. Tölur um viðtöl eru byggðar á fjölda viðtala en ekki fjölda þeirra einstaklinga sem sækja viðtölin. Fræðslusjóður greiddi því að meðaltali kr. 17.112 fyrir hvert viðtal árið 2025.




Á töflu 2 má sjá þróun kostnaðar Fræðslusjóðs vegna ráðgjafarviðtala árin 2022 – 2025 sem sýnir hlutfallslega hækkun á milli ára.


*Tafla 2*

Þróun kostnaðar Fræðslusjóðs pr. viðtal í ráðgjöf				
	2022	2023	2024	2025
<b>Fræðslusjóður greiddi</b>	13,757 kr.	14,606 kr.	16,414 kr.	17.112


Eins og sést á mynd 2 voru 4.338 einstaklingar á bakvið 8.876 viðtöl árið 2025 eða um 2 viðtöl á hvern einstakling að meðaltali. Árið 2024 og 2023 voru svipuð hlutföll, eða um 2 viðtöl á mann að meðaltali.



Viðtöl sem eru tekin rafrænt hafa náð ákveðnu jafnvægi og eru um 40% allra viðtala sem eru tekin hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum. Eins og sést á mynd 3 voru 40% viðtala tekin rafrænt árið 2025 sem er það sama og árið 2024, en voru 41% og 43% árin 2023 og 2022.




Eins og sjá má á mynd 4 hefur hlutfall kvenna verið að aukast frá árinu 2020 hjá þeim sem sækja ráðgjöf. Árið 2025 voru konur 49% en voru 45% árið 2020.







Aldursskipting helst mjög svipuð milli ára eins og sjá má á mynd 5, en meirihluti einstaklinga í ráðgjöf eru á aldrinum 26 – 35 ára.




Eins og sjá má á mynd 6 er mikill meirihluti þeirra sem sækja viðtöl innan markhóps framhaldsfræðslunnar við komu í viðtal eða 86% en Fræðslusjóður greiðir fyrir allt að 20% viðtala við einstaklinga utan markhóps. Viðmið markhópsins er sú menntun sem einstaklingar hafa þegar þeir sækja viðtalið og teljast þeir sem hafa hafið nám í framhaldsskóla en ekki lokið því, hafa aðeins lokið grunnskóla eða eru með starfsmenntun innan markhópsins. Aðeins um 14% þeirra sem sækja viðtöl eru ekki í markhópi framhaldsfræðslunnar og Fræðslusjóður greiðir fyrir.



Á mynd 7 má sjá stöðu fólks á vinnumarkaði og eru lang flestir í starfi við komu í viðtal, eða 61% árið 2025. Þá eru 12% í avinnuleit og 13% í starfsendurhæfingu árið 2025.



Þeim einstaklingum með erlent ríkisfang fjölgar jafnt og þétt í hópi þeirra sem fara í viðtal hjá ráðgjafa innan framhaldsfræðslunnar rétt eins og í námi og raunfærmati. Á mynd 8 má sjá að 31% voru með annað ríkisfang en íslenskt árið 2025 þar af voru 10% þeirra frá Póllandi. Um 30% einstaklinga í ráðgjöf voru með erlent ríkisfang árið 2024, 26% árið 2023, 22% árið 2022 og 18% árið 2021.





## Vottað nám

Eftirfarandi tafla sýnir heildarframkvæmd vottaðs náms árin 2021 - 2025 hjá fræðsluaðilum. Með heildarframkvæmd er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutana innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.

Tafla 3					
Vottað nám	2021	2022	2023	2024	2025
Mímir-símenntun	168,048,000	173,206,068	190,421,000	241,940,000	263,835,000
Framvegis	47,601,000	58,824,333	51,645,632	58,821,000	65,400,000
Starfsmennt	0	0	0	0	0
IÐAN	2,024,000	2,024,000	2,112,000	0	0
Rafmennt	0	0	0	0	0
<b>Samt. höfuðb.svæðið</b>	<b>217,673,000</b>	<b>234,054,401</b>	<b>244,178,632</b>	<b>300,761,000</b>	<b>329,235,000</b>
Símenntun Vesturlandi	11,892,154	22,211,000	26,651,574	19,271,723	24,625,786
Fræðslumst. Vestfj.	18,050,000	6,966,000	17,631,750	18,650,000	18,946,500
Farskólinn NV-landi	13,033,000	7,741,639	10,595,211	15,515,000	24,425,000
SÍMEY	69,813,500	73,840,600	78,067,000	90,112,000	99,571,250
Þekkingarn. Þingeyinga	10,632,098	12,997,500	22,346,500	28,140,000	29,524,203
Austurbrú	20,990,491	19,031,648	21,125,368	30,122,956	27,320,000
Fræðslunet Suðurlands	38,986,000	35,882,285	45,365,000	46,935,233	55,168,328
Viska Vestmannaeyjum	2,400,100	3,445,600	10,195,000	9,920,000	9,934,000
MSS	79,079,000	95,428,000	127,890,000	142,105,500	150,700,000
<b>Samt. landsbyggðin</b>	<b>264,876,343</b>	<b>277,544,272</b>	<b>359,867,403</b>	<b>400,772,412</b>	<b>440,215,067</b>
<b>Samtals allt</b>	<b>482,549,343</b>	<b>511,598,673</b>	<b>604,046,035</b>	<b>701,533,412</b>	<b>769,450,067</b>

Alls luku 2.934 nemendur námi frá vottuðum námskrám og námsleiðum FA. Fræðslusjóður greiddi fyrir 98,4% af því á árinu 2025. Meðalkostnaður á nemanda var því kr. 266.430 árið 2025.

Tafla 4		
Vottaðar námsleiðir og framlag Fræðslusjóðs 2025	Fjöldi nemenda	Hlutfall
<b>Greitt af Fræðslusjóði</b>	2888	98.4%
<b>Greitt af öðrum</b>	46	1.6%
<b>Fjöldi nemenda alls</b>	<b>2934</b>	
<b>Meðalkostnaður á nemanda greitt af Fræðslusjóði</b>		<b>Kr. 266.430</b>


Á töflu 5 má sjá þróun kostnaðar Fræðslusjóðs á hvern einstakling sem sækir vottað nám innan framhaldsfræðslunnar árin 2021 - 2025.

Tafla 5

## Þróun kostnaðar Fræðslusjóðs pr. einstakling í vottuðu námi


	2022	2023	2024	2025
<b>Fræðslusjóður greiddi</b>	296,064 kr.	267,159 kr.	262,648 kr.	266,430 kr.

Hlutfall karla og kvenna sem luku námi helst nokkuð jafnt á milli ára eins og sést á mynd 9, en konur eru jafnan um 60% þeirra sem ljúka námi í framhaldsfræðslunni og voru 62% árið 2025.




Á mynd 10 sést að staðnám hefur aftur aukist verulega, en fjarnám jókst þónokkuð yfir Covid árin. Árið 2021 var um 32% náms kennt í staðnámi, en 52% árið 2022, 60% árið 2023 og 65% árið 2024. Árið 2025 er hlutfall staðnáms komið í 68%.


Einnig sést að fjarnám og blandað nám (blanda af fjar- og staðnámi) var 41% árið 2021, þetta hlutfall var 32% árið 2021 og 37% árið 2022, 34% árið 2023 og 23% árið 2024. Árið 2025 var þetta hlutfall 28%. Óskráð er það nám þar sem fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar hafa ekki skráð hvort námið sé kennt í staðnámi, fjarnámi eða blönduðu námi.



Fræðslusjóður greiddi fyrir rúmlega 98% þeirra nemenda sem luku námi árið 2025. Árið 2025 voru kenndar 37 mismunandi námskrár og námsleiðir. Á mynd 11 má sjá þær tíu mest sóttu árið 2025. Alls luku 1.997 nemendur úr 10 vinsælustu námsleiðunum sem er 68% allra nemenda sem luku námi.



Námsleiðir eru uppbrot á námskrám FA sem er aðferð þróuð til að svara ákalli um fjölbreyttara námsframboð fyrir markhópinn. Verkfærið er lagt í hendur fræðsluaðila til að nýta út frá þörfum markhóps hjá hverri fræðslu- og símenntunarmiðstöð og var byrjað að kenna námsleiðir árið 2022. Kennsla í námsleiðum eykst jafnt og þétt og er orðin 21% af kennslu í vottuðu námi árið 2025 frá því að vera 1% árið 2022 þegar byrjað var að kenna svokallaðar námsleiðir, eins og sést á mynd 12. Aukning í kennslu á námsleiðum (uppbroti námskráa) er 9% á milli ára 2024 og 2025, og 7% til viðbótar árið 2025 eins og sést á mynd 12. Starfstengdar námskrár voru 48% kenndra námskráa, almennar námskrár 32% og námsleiðir 21% árið 2025.



Fjöldi einstaklinga með erlent ríkisfang heldur áfram aukast hjá framhaldsfræðslunni og er það sérstaklega áberandi hjá þeim sem sækja vottað nám. Árið 2024 voru einstaklingar með erlent ríkisfang aðeins fleiri en þeir sem eru með íslenskt ríkisfang eða 51% eins og sést á töflu 6 en árið 2025 var þetta hlutfall komið í 56% erlendra ríkisborgara. Árið 2020 voru einstaklingar með erlent ríkisfang 25%, 31% árið 2021, 32% árið 2022, 49% árið 2023, 51% árið 2024 og svo 56% árið 2025.

Tafla 6

**Hlutfall íslenskra og erlendra ríkisborgara sem luku námi 2020 - 2025**

	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Íslenskir ríkisborgarar	75%	69%	68%	51%	49%	44%
Erlendir ríkisborgarar	25%	31%	32%	49%	51%	56%




## Raunfærnimat

Eftirfarandi sýnir heildarframlag raunfærnimats árið 2025 hjá fræðsluaðilum. Til samanburðar eru sambærilegar tölur fyrir árin 2021 - 2025. Með heildarframlagi er átt við framlag Fræðslusjóðs til viðkomandi fræðsluaðila, að teknu tilliti til viðbótarúthlutunar innan ársins og endurgreiðslna í árslok í samræmi við úthlutunar- og uppgjorsreglur sjóðsins.


Tafla 7					
Raunfærnimat	2021	2022	2023	2024	2025
Mímir-símenntun	10,987,860	7,784,180	15,559,455	18,002,340	19,379,280
Framvegis	4,227,500	6,203,200	11,919,219	9,946,436	13,307,845
Starfsmennt	0	0	0	0	0
IDAN	53,811,140	40,353,640	42,715,821	44,124,664	37,458,480
Rafmennt	7,703,500	6,960,300	5,513,769	7,739,284	5,802,000
<b>Samt. höfuðb.svæðið</b>	<b>76,730,000</b>	<b>61,301,320</b>	<b>75,708,264</b>	<b>79,812,724</b>	<b>75,947,605</b>
Símenntun Vesturlandi	9,190,480	7,377,860	5,849,066	6,479,028	10,577,880
Fræðslumst. Vestfj.	5,408,600	7,189,520	6,116,061	4,272,694	4,957,620
Farskólinn NV-landi	3,260,500	1,934,400	2,897,730	1,019,326	0
SÍMEY	4,766,660	10,673,260	10,668,825	9,454,067	11,971,188
Þekkingarn. Þingeyinga	1,209,600	3,029,800	5,006,925	8,366,117	3,333,840
Austurbrú	4,467,700	6,502,800	6,072,600	3,804,700	7,468,020
Fræðslunet Suðurlands	3,262,080	13,222,560	10,499,931	9,378,208	9,850,560
Viska Vestmannaeyjum	4,504,980	4,049,160	4,394,913	4,160,572	6,459,090
MSS	3,653,800	5,079,900	9,429,500	4,551,468	6,615,360
<b>Samt. landsbyggðin</b>	<b>39,724,400</b>	<b>59,059,260</b>	<b>60,935,551</b>	<b>51,486,180</b>	<b>61,233,558</b>
<b>Samtals allt</b>	<b>116,454,400</b>	<b>120,360,580</b>	<b>136,643,815</b>	<b>131,298,904</b>	<b>137,181,163</b>

Á árinu 2025 luku 557 einstaklingar raunfærnimati hjá fræðslu- og símenntunarmiðtöðvum um allt land. Af þeim greiddi Fræðslusjóður fyrir 514 einstaklinga eða 92% og 43 voru greidd af öðrum, en í raunfærnimati greiðir Fræðslusjóður ekki fyrir þá einstaklinga sem falla ekki inn í markhópinn svk. skilmálum. Á mynd 13 sést fjöldi einstaklinga sem lauk raunfærnimati á árunum 2021 - 2025 eftir fjármagni.

Meðalkostnaður Fræðslusjóðs pr. einstakling árið 2025 var því kr. 246.286.



Á mynd 14 sést fjöldi einstaklinga sem lauk raunfærnimati 2025 eftir flokkum raunfærnimats, en 55% raunfærnimats var í starfsnámsgreinum, en þetta hlutfall var 47% árið 2024. Þá luku 31% raunfærnimati í löggildum iðngreinum, 12% í almennri starfshæfni og 2% sem lauk með Fagbréfi.






Tafla 8 sýnir nánari upplýsingar um framkvæmd raunfærnimats. Árið 2025 eru karlar í miklum meirihluta þeirra sem ljúka námi í löggildum iðngreinum eins og undanfarin ár, en konur eru í meirihluta þeirra sem ljúka raunfærnimati frá starfsnámsbrautum. Konur eru aðeins fleiri í hópi þeirra sem luku raunfærnimati í almennri starfshæfni, en karlar í meirihluta þeirra sem luku raunfærnimati með Fagbréfi.

Flokkar raunfærnimats	Fjöldi	Meðalfjöldi lokinna eininga	2025		
			Konur	Karlar	Meðalaldur
Starfsnám	301	45.8 ein	188	113	37.2 ár
Löggildar iðngreinar	172	41 ein	4	168	34.9 ár
Almenn starfshæfni	67	án ein.	32	35	32.1 ár
Fagbréf	17	30.8 ein.	3	14	33.8 ár
Samtölur og meðaltöl	557		227	330	35.7 ár

Á töflu 9 má sjá þróun kostnaðar Fræðslusjóðs á hvern einstakling sem lokið hefur raunfærnimati árin 2021 – 2025.

Fræðslusljóður greiddi	Þróun kostnaðar Fræðslusjóðs pr. einstakling í raunfærnimati				
	2021	2022	2023	2024	2025
Fræðslusljóður greiddi	238,148 kr.	237,397 kr.	243,572 kr.	253,963 kr.	246,963 kr.

Einstaklingar sem hófu nám á framhaldsskólastigi en luku því ekki eru í miklum meirihluta þeirra sem ljúka raunfærnimati árið 2025 eins og fyrri ár, næstur er fjöldi þeirra sem hafa aðeins lokið grunnskóla og svo þeirra sem hafa lokið tveggja ára eða styttri starfsmenntun. Þetta sést á mynd 15.



Fræðslusjóður greiðir aðeins fyrir þá sem ekki hafa lokið framhaldsskóla eða eru með styttri menntun en það, þannig að þeir sem hafa lokið stúdentsprófi, iðnmenntun eða háskólapróf greiða sjálfir.

Á árinu 2025 var raunfærnimat í almennri starfshæfni fjölmennasta greinin, en 67 manns luku henni sem er 12% af heildarfjölda þeirra sem luku mati. Þá kom leikskólaliði þar sem 54 luku mati eða 10% af heild og svo félagsliðagátt þar sem 51 lauk mati eða 9% af heildarfjölda. Tafla 10 sýnir tíu fjölmennustu greinar í raunfærnimati 2025, hversu margir luku þeirri grein og hlutfallið af heildarfjölda þeirra sem luku mati 2025.

*Tafla 10*

#### Tíu fjölmennustu greinar í raunfærnimati 2025

Grein	Fjöldi	Hlutfall af heild
Almenn starfshæfni	67	12%
Leikskólaliði	54	10%
Félagsliðagátt	51	9%
Húsasmíði	50	9%
Sjúkraliði	49	9%
Stuðningsfulltrúi	35	6%
Skipstjórn	31	6%
Rafvirkjun	28	5%
Fagnám í verslun og þjónustu	25	4%
Vélvirkjun	18	3%
Pípulagnir	17	3%



---

## Nýsköpunar- og þróunarverkefni 2025

Fræðslusjóður auglýsir í mars ár hvert eftir nýsköpunar- og þróunarstyrkjum í framhaldsfræðslu. Sérstök úthlutunarnefnd, sem tilnefnd er af stjórn Fræðslusjóðs, fer yfir þær umsóknir sem berast og gerir tillögu að úthlutun til stjórnar. Árið 2025 voru veittir 13 styrkir samtals að upphæð tæpar 36.6 milljónir.

[Nánari upplýsingar um úthlutun Fræðslusjóðs til nýsköpunar- og þróunarverkefna á vef FA](#)



## Lokaorð

Framlag ríkisins til Fræðslusjóðs árið 2025 var 985,4 milljónir sem er tæplega 2,9% hækkun frá fyrra ári, þegar framlagið var 958,4 milljónir. Auk þess var úthlutað áunnum vöxtum og endurgreiðslum frá samstarfsaðilum. Alls var því framkvæmt fyrir nærri 1.093,5 milljónir á árinu.

Alls luku 2.934 einstaklingar námi hjá samstarfsaðilum sjóðsins á árinu sem er tæp 10% aukning frá árinu á undan þegar 2.671 einstaklingar luku námi. Athygli vekur að einstaklingum með annað ríkisfang en íslenskt heldur áfram að fjölga og eru orðin 56% allra nemenda sem ljúka námi árið 2025.

Ráðgjafarviðtölum fækkaði um tæp 3% frá árinu 2024 og voru 8.879 árið 2025, en árið 2024 voru ráðgjafarviðtölin 9.087. Erlendir ríkisborgarar eru nú 31% einstaklinga sem sækja viðtöl sem er örlítill aukning frá fyrra ári þegar hlutfallið var 30%.

Árið 2025 luku 557 manns raunfærnimati, sem er rúmlega 4% fækkun frá árinu 2024. Almenn starfshæfni er fjölmennasta fagið í raunfærnimati og leikskólaliði í öðru sæti.

Fræðslusjóður greiddi fyrir 92% þeirra sem luku raunfærnimati 2025, flestir luku mati úr starfsnámi eins og undanfarin ár eða 55% og næstflest úr iðngreinum, eða 31%.

Frekari tölfræði má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins [hér](#).

Frekari gögn um starfsemi Fræðslusjóðs er [hér](#) á vef FA.